

Nd. **638. Frumvarp til laga** [166. mál]
um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 23. des. 1952.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 255 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

5. grein orðist þannig:

Fái einhver ríkisfang, samkvæmt 3. og 4. gr., og öðlast þá jafnframt skilgetin ógift börn hans undir 18 ára aldri, sem eiga lögheimili hér á landi, ríkisfangið. Þetta nær þó eigi til barna, sem eftir hjúskaparslit foreldranna eða skilnað þeirra að borði og sæng eru falin forráðum hins foreldrisins.

Ákvæði 1. málslíðs 1. málsgreinar gildir með sama hætti um samband óskilgetins barns og móður þess, nema faðir þess sé útlendingur og hann hafi forráð barnsins.